



Ágætu foreldrar og forráðmenn,

Þetta bréf er sent foreldrum og forráðamönnum nemenda í 6.-10. bekk skólans. Með þessu bréfi viljum við benda ykkur á samskiptaforrit á netinu sem gengur undir nafninu *formspring me*. Þangað er hægt að komast með því að slá inn <http://formspring.me/>. Þar er hægt að stofna eigin aðgang og síðu og eiga í samskiptum við þá sem rata inn á síðuna. Þegar inn á hana er komið minnir hún um margt á bæði blogg og msn. En það sem þessi síða hefur það sem hinar hafa ekki, er að þangað er hægt að komast nafnlaust og koma sér þannig fyrir að ekki er hægt að rekja athugasemdir og sendingar til sendanda þeirra. Hver og einn getur hins vegar lokað fyrir það á eigin svæði að þangað komist einhver, annað hvort nafnlaust eða undir dulnefni. Einnig er hægt að stjórna því hvað maður vill birta á eigin síðu og hverju svarað er að þeim sendingum sem manni berst inn á þessa síðu.

Það hefur borið á því að nemendur okkar verði fyrir því að fá niðrandi athugasemdir og meiðandi skilaboð inn á síður sínar inn á *formspring me*. Við höfum rætt þetta við nemendur okkar og sagt þeim frá hættunni sem felst í því að hafa síður af þessu tagi opnar öllum og óvarðar. Í tölvutímum í skólanum verður þeim kennt að læsa *formspringsíðum* sínum fyrir ókunnugum.

Við biðjum ykkur að fylgjast með tölvunotkun barna ykkar og að ræða við þau um hættuna sem felst í opnum og óvörðum síðum og hvernig það getur haft áhrif á móttakendur þegar þeir fá nafnlausar og meiðandi sendingar. Upplýsingar og fræðslu getið þið fundið á <http://saft.is> einnig getið þið verið í sambandi við okkur eða umsjónarkennara barnanna ef þið viljið frekari leiðbeiningar eða upplýsingar.

Með kveðjum,
Ingileif og Unnar